

Laugardaginn 6. júní 1978.

Nr. 198/1978. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar
 (Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)
 gegn
Ingvari Björnssyni
 og gagnsök
 (sjálfur).

Opinberir starfsmenn. Frávikning úr starfi. Bótakrafa.
 Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1978. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann staðfestingar á ákvæði hér- aðsdóms um ómerkingu tilgreindra ummæla gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febrúar 1979. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að upphæð 150.031.50 krónur (15.003.150 gkr.) með vöxtum svo sem hér greinir: 13% ársvöxtum frá 15. nóvember 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1978, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 13. júní 1979, 35.5% ársvöxtum frá 14. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 40% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, 42.5% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 30. maí 1980, 46% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 28. febrúar 1981 og síðan sömu vöxtum og af innstæðu af vaxtaaukareikningi, nú 46.4% ársvöxtum frá 1. mars 1981 til greiðsludags, allt að frádregnum 15.128.03 krónum (1.512.803 gkr.). Til vara krefst hann, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér

lægri fjárhæð með sömu vöxtum og vaxtatíma eins og í aðalkröfu, allt að frádregnum 15.128.03 krónum (1.512.803 gkr.). Þá krefst hann þess, að ákvæði héraðsdóms um ómerkingu tiltekinna ummæla hans verði hrundið. Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá atvikum að ráðningu gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda, skilyrði, er honum var sett af hálfu bæjarráðs um, að honum skyldi óheimilt að stunda almenn lögmannsstörf samhliða starfi sínu sem bæjarlögmaður, og svofelldu bréfi, sem hann ritaði bæjarstjóra hinn 14. október 1975 varðandi skilyrði þetta:

„Í samræmi við réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar tilkynnist yður hér með, herra bæjarstjóri, að ég hefi ákveðið að opna starfsstofu.

Virka daga verður stofan opin frá kl. 17.00 og mun að því leyti ekki rekast á við starf mitt hjá bænum, þar sem yfirvinnubann er í gildi, a. m. k. gagnvart mér. Jafnframt leyfi ég mér að lýsa þeirri skoðun, að ítrekaðar áréttingar bæjarráðs, „að bæjarlögmanni heimilist ekki að stunda almenn lögfræðistörf samhliða starfi sínu hjá bænum“, gildi aðeins um störf unnin í vinnutíma mínum hjá bænum eða ég tæki að mér verkefni, sem beindust gegn hagsmunum bæjarins. Annar skilningur þýddi það, að ég hefði afsalað bænum aflahæfi mínu, en slíkt fær ekki staðist“.

Skýring sú, sem í bréfi þessu kemur fram af hendi gagnáfrýjanda á umræddu skilyrði, fékk ekki staðist. Fólst því í raun rétttri í bréfinu yfirlýsing hans um, að hann mundi virða skilyrðið að vettugi. En þar sem samþykkt bæjarstjórnar hinn 11. nóvember 1975 um tafarlausa frávikningu gagnáfrýjanda var ekki á þessu byggð, verður sýknukrafa aðaláfrýjanda ekki tekin til greina að því leyti sem hún er á þessu atriði reist.

Samkvæmt gögnum máls er ljóst, að verðmæti húseignarinnar Hraunbrúnar 18 hefur verið miklu meira en nam boði

gagnáfrýjanda á nauðungarupphöðinu 5. nóvember 1975. Gagnáfrýjandi hefur lýst yfir, að tilgangur hans með boði sínu hafi verið sá að afla sjálfum sér fjárhagslegs ávinnings, eða eins og hann orðaði það á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar næsta dag, að hann hefði „séð peningavon í því“. Boð hans á sölupinginu var ótilhlýðilegt og ósamrýmanlegt starfi hans sem bæjarlögmanns. Voru kaup hans sjálfs í ávinningsskyni á eignum, sem hann í bæjarlögmannsstarfi sínu hafði knúið fram nauðungarsölu á til fullnustu á kröfum bæjarsjóðs, til þess fallin að vekja tortryggni bæjarbúa um, að hann léti eigin hagsmuni sitja í fyrirrúmi í störfum sínum. Jafnframt gátu slík boð gagnáfrýjanda fyrir sjálfan sig á nauðungarupphöðum, sem fram fóru að kröfu bæjarsjóðs, leitt til beinna hagsmunaárekstra milli hans og bæjarins. Þykir áðurgreind framkoma gagnáfrýjanda eigi verða samrýmd ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 31. gr. reglna frá 2. febrúar 1971 um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi.

Gagnáfrýjandi var kvaddur á fund bæjarráðs þegar næsta dag vegna máls þessa. Honum gat eigi dulist, að bæjarráð vildi ekki una og átaldi, að hann byði sjálfs sín vegna í eignir, er seldar væru nauðungarsölu að kröfu bæjarsjóðs á upphöðsþingum, sem gagnáfrýjandi sótti sem bæjarlögmaður, eins og gerst hafði daginn áður. Á hinn bóginn verður ekki með vissu ráðið af því, sem skráð er eftir gagnáfrýjanda í fundargerðarbók bæjarráðs, að hann hafi endanlega synjað að hlíta aðfinnslum þess, og ekki hafði honum áður verið veitt áminning. Fyrirvaralaus frávikning hans var því óheimil. Verður því fallist á, að gagnáfrýjandi eigi rétt til fébóta vegna hennar, en ekki eru skilyrði til að sinna miskabótakröfu hans samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og með tilliti til hegðunar gagnáfrýjanda, tekna þeirra, er hann aflaði, það sem eftir var ráðningartímans, og annars, sem hafa ber til hliðsionar eftir 3. mgr. 11. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, þykja fébætur til hans hæfilega ákveðnar 8.000.00 nýkrónur með vöxtum, er reiknaðir verða frá birt-

ingardegi sáttakæru, 26. mars 1977, og að öðru leyti verða ákveðnir eins og segir í dómsorði.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að dæmt verði, að útsvar og aðstöðugjald hans vegna árána 1975—1979, að fjárhæð samtals 1.512.803 gkrónur, skuli teljast hafa verið greitt með fébótum þeim, sem hann sækir aðaláfrýjanda um, þannig að greind fjárhæð komi til frádráttar þeim fébótum, sem honum verði dæmdar. Dómkröfur gagnáfrýjanda um framangreindar útsvars- og aðstöðugjaldsskuldir komu ýmist fyrst fram undir rekstri málsins í héraði og án framhaldsstefnu eða sem nýjar kröfur fyrir Hæstarétti. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki efni til í þessu máli að leggja dóm á þennan þátt kröfugerðar gagnáfrýjanda gegn mótmælum aðaláfrýjanda.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að þar greind ummæli í greinargerð gagnáfrýjanda í héraði séu aðfinnsluverð og eigi að vera ómerk.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.500.00 nýkrónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjar-sjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ingvari Björnssyni, 8.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. mars 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 42.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um vítur og ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 4.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. september 1978.

1.0.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Ingvi Björnsson héraðsdómslögmaður, Sléttahrauni 28, Hafnarfirði, höfðað með sáttakæru, birtri 26. mars 1977, á hendur Kristni Ó. Guðmundssyni bæjarstjóra, Brekkugötu 24, Hafnarfirði, f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu bóta vegna meintrar ólögmætrar brottvikningar úr starfi bæjarlögmanns í Hafnarfirði.

2.0.

BÓTASKYLDA

2.1.

MÁLAVEXTIR

2.1.1. Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 22. febrúar 1973 var bókað, að ráðið væri sammála um, að nauðsyn bæri til að ráða sérstakan lögfræðing til starfa á bæjarskrifstofunum við innheimtu og fl. samkvæmt nánari starfslýsingu, er bæjarstjóri hefði samið og lægi fyrir. Var síðan samþykkt að leggja eftirfarandi til við bæjarstjórn: „Bæjarstjórn samþykkir að stofna embætti bæjarlögmanns og heimila bæjarstjóra að auglýsa starfið laust til umsóknar, þegar fyrir liggur samkomulag við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar um launaflokk fyrir starfið.“

Starfslýsing sú, sem bæjarstjóri samdi, er svohljóðandi: „Bæjarlögmaður hefur með höndum stjórn allrar innheimtu hjá Hafnarfjarðarbæ, bæði að því er tekur til álagðra gjalda og viðskiptaskulda. Til aðstoðar við þau störf hefur hann innheimtufulltrúa og fleira aðstoðarfólk, sem hann skal hafa yfirstjórn á að því er snertir innheimtustörf þeirra. Bæjarlögmaður skal framkvæma lögtaksgerðir og aðrar fógetagerðir fyrir bæjarsjóð, sem hann getur fengið löggildingu til. Ennfremur skal hann eftir því sem bæjarstjóri felur honum annast eða aðstoða við gerð samninga,

verja og sækja mál og aðstoða við úrlausn ýmissa lögfræðilegra verkefna.“

Á fundi bæjarstjórnar 15. maí 1973 var stefnandi síðan kjörinn bæjarlögmaður.

Ekki var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur.

Stefnandi hóf störf fljótlega eftir að hann hafði verið kjörinn, og telur hann, að það muni hafa verið 4. eða 5. júlí 1973. Stefnandi óskaði eftir að verða fastráðinn til starfsins þann 15. ágúst 1974. Var samþykkt í bæjarráði að ráða stefnada til fjögurra ára og jafnframt tekið fram, að honum heimilaðist ekki að stunda almenn lögmannsstörf samhliða starfi sínu hjá bænum.

Stefnandi ítrekaði ósk sína um fastráðningu.

Þann 21. mars 1975 var tekið fyrir erindi stefnanda um fastráðningu á fundi bæjarráðs og bókað: „Bæjarráð sér ekki ástæðu til að breyta afstöðu sinni til fastráðningar bæjarlögmanns samkvæmt samþykkt frá 15. ágúst 1974.“

2.1.2. Með bréfi, dags. 13. september 1973, krafðist Landsbanki Íslands, veðdeild, opinbers nauðungaruppbóðs á fasteigninni Hraunbrún 18 í Hafnarfirði, þinglesinni eign Arnfinnst Bergs Jørgensen, sem þar bjó, til fullnustu á eftirstöðvum skuldar að fjárhæð 385.516.67 krónur samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, sem voru í vanskilum. Þann 25. september 1973 var uppbóðspola send tilkynning um uppbóðsbeiðnina. Þann 23. nóv. 1973 var gefin út uppbóðsauglýsing og birt fyrst 12. des. 1973 í 85. tbl. Lögbirtingablaðs 1973 og síðan í 89. tbl. 1973 og loks í 1. tbl. 1974. Í samræmi við uppbóðsauglýsinguna hófst síðan uppbóðið 25. janúar 1974 á skrifstofu bæjarfógeta. Voru þá meðal annars lagðir fram uppbóðsskilmálar. Ekki var sótt þing af hálfu uppbóðspola. Uppbóðinu var frestað til 22. febr. 1974. Sótti þá þing af hálfu uppbóðspola Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður, fulltrúi Árna Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns. Var síðan uppbóði þessu frestað nokkrum sinnum, og var ýmist að Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður mætti fyrir uppbóðspola, að uppbóðspoli mætti sjálfur eða að ekki var sótt þing af hans hálfu.

Þann 12. mars 1974 gerði stefnandi sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði lögtak hjá uppbóðspolanum fyrir útsvari og viðlagssjóðsgjaldi fyrir árin 1973 og 1974, samtals að fjárhæð 114.240 krónur.

Þann 12. júlí 1974 krafðist stefnandi f. h. stefnda nauðungaruppbóðs á fasteigninni Hraunbrún 18 á grundvelli lögtaksins. Þann 17. júlí 1974 var uppbóðspola tilkynnt um uppbóðsbeiðnina.

Á uppboðsþingi 13. september 1974 var sótt þing af hálfu stefnda og lögð fram uppboðsbeiðni ásamt lögtaksendurríti og uppboðstilkynningu. Var þá ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara.

Þann 18. september 1974 krafðist stefnandi fyrir hönd stefnda uppboðs á fasteigninni Hraunbrún 18 til greiðslu eftirstöðva fasteignagjalds að upphæð 14.862 krónur. Þann 20. september 1974 var uppboðspola tilkynnt um þá kröfu. Þann 1. okt. 1974 var uppboðinu fram haldið á skrifstofu bæjarfógeta og frestað til 6. des. 1974. Var þá ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara. Þann 17. janúar 1975 var málið enn tekið fyrir á skrifstofu bæjarfógeta og ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri 14. mars 1975. Þann dag var enn þingað í uppboðsréttinum á skrifstofu bæjarfógeta og frestur veittur til 23. maí 1975, en þann dag var á uppboðsþingi, sem háð var á skrifstofu bæjarfógeta, enn ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara. Þann 12. sept. 1975 var málið enn tekið fyrir á skrifstofu bæjarfógeta og ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara.

Uppboðspoli mætti sjálfur á uppboðsþingi 12. júlí 1974, en ekki var sótt þing af hans hálfu eftir það.

Uppboðspola var tilkynnt, að uppboð færi fram á eigninni sjálfri þann 9. október 1975, kl. 0345 síðdegis.

Þann 6. október 1975 gerði stefnandi sem fulltrúi bæjarfógeta lögtak hjá uppboðspola fyrir útsvarsskuldum hans fyrir árin 1974 og 1975, samtals að fjárhæð 228.100 krónur auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðið var síðan auglýst tvisvar í dagblaði og fór fram þann 9. okt. 1975.

Lagði þá stefnandi fram fyrir hönd stefnda endurrit lögtaksgerðarinnar frá 6. október og lýsti jafnframt lögveðskröfu fyrir fasteignagjöldum.

Mætt var af hálfu Landsbanka Íslands.

Uppboðshaldari gætti hagsmuna ríkissjóðs.

Af hálfu uppboðspola var ekki sótt þing.

Aðrir virðast ekki hafa verið aðiljar uppboðsins á þessum tíma.

Tvö boð komu í eignina, annað frá Landsbanka Íslands, 500.000 krónur, og hitt frá stefnanda, 1.500.000 krónur. Ákveðið var, að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni. Var síðan uppboðspola tilkynnt, að það uppboð færi fram 5. nóv. 1975, kl. 1600, með

ábyrgðarbréfi, sem hann virðist hafa tekið við af pósthúsinu í Hafnarfirði þann 6. nóv. 1975.

Áður en til síðara uppboðsins kæmi, voru uppboðsbeiðnir Landsbanka Íslands afturkallaðar. Annað og síðasta uppboð fór síðan fram, eins og ráðgert hafði verið, 5. nóv. 1976, eftir að það hafði verið auglýst í dagblaði. Uppboðshaldari gætti hagsmuna innheimtu ríkissjóðs, en stefnandi mætti fyrir stefnda. Af hálfu uppboðspóla var ekki sótt þing.

Aðeins eitt boð kom fram á uppboðinu, boð stefnanda, 2.500.000 krónur.

2.1.3. Þann 6. nóvember 1975 var haldinn fundur í bæjarráði. Fund þennan sátu bæjarráðsmennirnir Árni Gunnlaugsson, Árni Grétar Finnsson og Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir auk bæjarstjóra og bæjarritara.

Stefnandi, sem bókaður hafði verið á fundinn, mætti þar, og var þá lagt fram endurrit úr uppboðsbók varðandi síðara uppboðið. Stefnandi skýrði svo frá, að á fyrra uppboði hefði hann „próforma boðið í eignina fyrir bæinn 1.500.000 krónur, en á öðru og síðara uppboði orðið hæstbjóðandi í eignina sjálfur með 2.500.000 krónur, en var bókaður þar mættur fyrir hönd bæjarsjóðs.“

Bókað var í gerðabók bæjarráðs, að upplýst væri, að boð þetta hefði ekki verið gert í samráði við bæjarstjórn. Meiri hluti bæjarráðs, Árni Gunnlaugsson og Árni G. Finnsson, tóku fram, að enda þótt þeir teldu engan vafa á því, að uppboðskaup þessi hefðu verið á vegum bæjarsjóðs, þar sem bæjarlögmaður tvímælalaust hefði verið mættur við uppboðið fyrir hönd bæjarsjóðs, þá skoruðu þeir á bæjarlögmann að framselja tafarlaust boð sitt til bæjarsjóðs til að auðvelda lausn málsins.

Stefnandi var spurður, hvers vegna hann hefði „keypt húsið“, og svaraði hann því til, að hann hefði séð peningavon í því. Bókað var eftir honum: „Á umræddu uppboði mætti ég til þess að gæta hagsmuna bæjarsjóðs, en hann átti lögtak í umræddri eign. Þá er ljóst varð, að innheimtumaður ríkissjóðs mundi bjóða að minnsta kosti kr. 2.400.000 í eignina og bæjarsjóður þar með fá fullnægt kröfu sinni, leit ég svo á, að hlutverki mínu sem umboðsmanns bæjarsjóðs væri lokið. Ákvað ég þá að bjóða persónulega í eignina og reyndist hæstbjóðandi fyrir kr. 2.500.000. Varðandi þá áskorun háttvirts bæjarráðsmanns Árna Gunnlaugssonar, að ég framselji bæjarsjóði boð mitt, ella segi starfi mínu lausu, leyfi ég mér að taka fram: Ég er á þessu stigi ekki

tilbúinn að taka afstöðu til fyrri hluta áskorunarinnar, en lýsi því yfir, að ég tel mig á engan hátt hafa vanrækt hagsmuni bæjarsjóðs og mun því ekki segja starfi mínu lausu.

Meirihluti bæjarráðs, Árni Gunnlaugsson og Árni G. Finnsson, fólu bæjarstjóra að krefjast þess við uppboðshaldara, að svo verði litið á, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar væri hæstbjóðandi og að bæjarsjóði yrði afsöluð eignin. Þá yrði stuðlað að því, að uppboðspoli og fjölskylda hans gætu aftur fengið eignina til umráða.“

Þann 7. nóv. 1975 sendi stefnandi bæjarstjóra bréf, þar sem hann óskaði eftir, að sér yrði veitt launalaust leyfi, þar til lyktir deilu sinnar og bæjarráðs lægju fyrir.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 11. nóv. 1975 var eftirfarandi tillaga samþykkt með atkvæðum allra bæjarfulltrúa:

„Við annað og síðasta nauðungaruppboð á húseigninni nr. 18 við Hraunbrún í Hafnarfirði 5. nóv. s.l. var bæjarsjóður meðal uppboðsbeiðenda, og var bæjarlögmaður mættur þar fyrir hönd bæjarsjóðs á sama hátt og við fyrra uppboð á húseigninni 9. okt. s.l., sbr. útskrift úr uppboðsbók.

Bæjarlögmaður gerði hæsta boð í eignina, kr. 2.5 millj., og telur bæjarstjórn engan vafa á því, eins og fram kemur í bókun meirihluta bæjarráðs frá 6. nóv. sl., að uppboðskaup þessi hafi verið á vegum bæjarsjóðs.

Hinsvegar vill bæjarlögmaður ákveðið halda því fram, að hann eigi sjálfur boðið og hafi hann ætlað sér að hafa af þessu sjálfur fjárhagsvinning.

Um leið og bæjarstjórn áréttar þær aðgerðir og viðbrögð, sem meirihluti bæjarráðs, Árni Gunnlaugsson og Árni Grétar Finnsson, viðhafði í málinu á téðum fundi bæjarráðs, samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi:

„Bæjarstjórn lítur mjög alvarlegum augum á framkomið viðhorf bæjarlögmannsins gagnvart aðgerðum hans við umrætt uppboð og telur, að atferli hans sé misnotkun á aðstöðu í opinberu starfi. Þykir bæjarstjórn óhæfa, ef trúnaðarmanni bæjarins í vinnutíma hjá bæjarsjóði kynni að takast að hafa stórfelldan fjárhagnað af uppboðspola, en umrætt hús er talið nema að verðmæti um 10—12 millj. Áhvílandi skuldir skv. veðbókarvottorði eru upphaflega taldar kr. 2.176.765, en þær eru allt frá árinu 1970 og munu því talsvert lægri í dag.

Bæjaryfirvöldum hefði aldrei komið til hugar að láta bæjar-

sjóð eignast húsið við nauðungaruppboð til þess að hafa af því fjárhagslegan ávinning.

Ber því að leita allra tiltækra ráða til að reyna að hindra, að uppboðspoli kunni að verða sviptur fasteign sinni með þessum hætti. Uppboðspoli var ekki mættur við uppboðið og enginn af hans hálfu. Hann hefur nú mótmælt uppboðinu og áskilið sér rétt til áfrýjunar þess. Með því að lög gera ráð fyrir, að fleiri en tvö uppboð geti farið fram (sbr. 29. gr. 1. 57/1949), ef viðkomandi uppboðsbeiðendur krefjast þess, þá samþykkir bæjarstjórn að krefjast að nýju uppboðs á téðri eign og felur bæjarstjóra að beita sér fyrir því við aðra uppboðsbeiðendur, þ. e. í þessu tilviki ríkissjóð, að hann ljái samþykki sitt til nýs uppboðs.

Með skírskotun til alls þessa samþykkir bæjarstjórn jafnframt með tilvísun til 7. gr. laga nr. 38/1954, sbr. hliðstætt ákvæði í reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, að veita Ingvari Björnssyni lausn þegar í stað úr stöðu bæjarlögmanns.““

Bæjarstjóri tilkynnti síðan stefnanda þessa ákvörðun þann 12. nóv. 1975.

Á fundi bæjarráðs 13. nóv. 1975 var lagt fram bréf stefnanda, dags. 7. nóv. 1975, með beiðni um launalaust leyfi.

Bókað var eftir Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur, að hún væri efnislega sammála bókun meiri hluta bæjarráðs á fundi 6. nóv. 1975 og hún væri samþykk afstöðu varamanns síns, Markúsar Á. Einarssonar, á bæjarstjórnarfundi 11. nóv. 1975. Jafnframt var bæjarstjóra falið að rita ríkissaksóknara bréf og óska eftir því við hann, að hann framkvæmdi opinbera rannsókn á atferli stefnanda „samanber 8. gr. 1. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Dómsrannsókn fór síðan fram í sakadómi Hafnarfjarðar, og lauk henni þann 25. febrúar 1976.

Þann 22. júlí 1976 var gefin út ákæra á hendur stefnanda fyrir misnotkun á aðstöðu í starfi sínu sem bæjarlögmaður Hafnarfjarðar við nauðungaruppboð á fasteigninni Hraunbrún 18 í Hafnarfirði hinn 5. nóv. 1975. Var af hálfu ákæruvaldsins krafist refsingar fyrir brot gegn 249. gr., samanber 138. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara gegn nefndum ákvæðum, samanber 20. gr. sömu laga, svo og við 139. gr. hegningarlaganna.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 20. okt. 1976 var stefn-

andi sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu og ákveðið, að sakarkostnaður greiddist úr ríkissjóði.

Í forsendum dómsins segir meðal annars: „Við uppboðið 5. nóvember var ákærði mættur fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og fram er komið af hálfu bæjarstjórans, að ákærði hafði ekki umboð til þess að bjóða bindandi í eignir fyrir bæjarins hönd nema samkvæmt sérstökum fyrirmælum. Slik fyrirmæli hafði ákærði ekki við þetta uppboð. Verður ekki séð, að neitt í starfslýsingu bæjarlögmanns eða starfsreglum hafi bannað honum að bjóða í eignir á nauðungaruppboðum fyrir sjálfan sig, eftir að hagsmunir bæjarins voru tryggðir svo sem í þessu tilviki, enda þótt hann hefði ekki aflað sér sérstaks leyfis til slíks. Þetta tilboð ákærða spillti í engu vinnutíma hans í þágu bæjarfélagsins, þar sem ákærði þurfti hvort eð var að vera viðstaddur uppboðið til þess að gæta hagsmuna bæjarfélagsins, og bæjarfélagið varð ekki fyrir neinum útgjöldum vegna boðs ákærða. Þá þykir ekki óeðlilegt, þótt ákærði krefðist þess, að boð hans yrði tekið til athugunar og samþykkt.“

Dómi þessum var ekki áfrýjað.

2.1.4. Þann 7. nóv. 1975 mótmælti uppboðspoli uppboðinu og áskildi sér rétt til áfrýjunar.

Þann sama dag var þess krafist af hálfu stefnda, að svo yrði litið á, að hann væri hæstbjóðandi í eignina (Hraunbrún 18) og að bæjarsjóði yrði veitt afsal fyrir henni. Þá var þess óskað af hálfu stefnda, að stuðlað yrði að því, að uppboðspoli og fjölskylda hans gætu aftur fengið eignina til umráða.

Þann 17. nóv. 1975 óskaði uppboðspoli eftir því við uppboðshaldara, að fram færi nýtt uppboð á eigninni.

Þann 18. nóv. 1975 samþykkti stefndi, að nýtt uppboð yrði haldið, en krafðist ella afsals sér til handa og greiddi fjórðung kaupverðs í samræmi við uppboðsskilmála.

Þann 21. nóv. 1975 samþykkti fjármálaráðuneytið, að nýtt uppboð færi fram.

Þann 25. nóvember 1975 tilkynnti uppboðshaldari aðiljum, að fram færi nýtt uppboð, ef ekki kæmu fram mótmæli.

Þann 2. desember 1975 var gefin út hestaréttarstefna fyrir uppboðspola, þar sem krafist var ómerkingar uppboðsins.

Þann 9. desember 1975 greiddi uppboðspoli kröfu ríkissjóðs.

Þann 15. desember 1975 mótmælti stefnandi nýju uppboði og krafðist þess, að boð sitt yrði samþykkt. Þann sama dag aftur-

kallaði stefndi uppboðsbeiðni sína og uppboðspoli féll frá beiðni um nýtt uppboð.

Þann 26. febrúar 1977 var úrskurðað í uppboðsdómi Hafnarfjarðar, að kröfu sækjanda, Ingvars Björnssonar, um, að samþykkt yrði boð hans á uppboðsþingi í húsinu nr. 18 við Hraunbrún væri hafnað. Í forsendum úrskurðarins segir svo meðal annars: „Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 27. greinar uppboðslaga nr. 19 frá 1949 er hamarshögg á nauðungaruppboði á fasteign merki þess, að sölutilraun á því uppboðsþingi sé lokið og fram komin boð verði tekin til athugunar innan tiltekins tíma. Á uppboðsþinginu 5. nóvember 1975 var að vísu ekki bókaður ákveðinn frestur í þessu skyni, en ljóst er, að boð sækjanda var þó ekki samþykkt á uppboðsþinginu, enda var þá ekki fullnægt fyrsta tölul. 39. gr. uppboðsskilmála, um að greiddur skyldi 1/4 hluti kaupverðs, um leið og boð er samþykkt. Þetta er einnig staðfest með þeirri ákvörðun uppboðshaldara að verða við ósk uppboðspóla um nýtt uppboð á eigninni, sem var tilkynnt hæstbjóðanda, sækjanda máls þessa, með bréfi uppboðshaldara 25. nóvember 1975. Í því bréfi er nýr uppboðsdagur ákveðinn 16. desember s. á., og er af því ljóst, að boð sækjanda yrði ekki samþykkt fyrir þann dag. Hinn 15. desember 1975 höfðu allir uppboðsbeiðendur afturkallað sölubeiðnir sínar, og féllu því allar aðgerðir samkvæmt þeim niður samkvæmt 21. gr. uppboðslaganna, en enginn rétthafi samkvæmt sömu grein hafði gefið sig fram til að krefjast framhalds uppboðsins. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að taka kröfu sækjanda, um að boð hans verði samþykkt, til greina gegn mótmælum uppboðspóla, enda er svo kveðið á í 1. mgr. 30. gr. uppboðslaganna, að hæstbjóðandi eigi ekki heimtingu á, að honum sé slegin eign, nema svo sé mælt í uppboðsskilmálum. Í skilmálum þessa uppboðs er ekki slíkt ákvæði.“

Úrskurður þessi var ekki kærður.

2.2.

KRÖFUR OG MÁLSÁSTÆÐUR.

Af hálfu stefnanda er þess aðallega krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 15.003.150 krónur með 14% ársvöxtum frá 11. nóv. 1975 til 1. ágúst 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, hæstu lögleyfðu sparisjóðsvöxtum, nú 19% ársvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum 312.403

krónum, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjárhæð með sömu vöxtum og vaxtatíma auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, allt að fráðregnum 312.403 krónum.

Meginmálsástæða stefnanda er, að með ályktun bæjarstjórnar 11. nóv. 1975, sem honum var tilkynnt þann 12. sama mánaðar, hafi honum verið veitt fullnaðarlausn úr stöðu bæjarlögmanns, lausnin hafi verið ólögmet og beri honum bætur fyrir fjártjón vegna tekjumissis úr bæjarsjóði auk fégjalds fyrir miska.

Af stefnda hálfu er þess krafist aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Af stefnda hálfu er mótmælt bókun stefnanda í réttarhaldi 30. nóvember 1977, þar sem stefnandi lækkar kröfur sínar um 312.403 krónur, „sem sé útsvarsskuld hans við stefnanda 30. nóvember 1977“. Af stefnda hálfu er þess krafist, að eftirfarandi ummæli í greinargerð stefnanda, dags. 6. apríl 1977, verði dæmd dauð og ómerk og að stefnandi verði látinn sæta vítum fyrir þau: „Jafnframt hlutuðust bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar til þess, sbr. dskj. nr. 9, að frétt um uppsögn mína ásamt upplognum ávirðingum birtust í öllum dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi og það meira að segja áður en ég fékk sjálfur tilkynningu um uppsögnina. Jafnframt lét bæjarstjórnin í Hafnarfirði hafa eftir sér stórlega ærumeiðandi og villandi ummæli um starfssvið mitt hjá Hafnarfjarðarbæ sbr. dskj. nr. 10 . . . Þegar það er og virt, að ærumeiðingum þessum og rógburði er beint gegn 31 árs gömlum lögfræðingi, sem sömu aðilar og að ærumeiðingunum standa hrekja burt úr opinberu starfi á þann hátt, að jaðrar við valdníðslu, og reyna eftir mætti að eyðileggja framtíð mína sem lögfræðings, tel ég þennan lið síst of háan.“

Af hálfu stefnanda er krafist sýknu af þessum kröfum stefnda.

Meginmálsástæða stefnda samkvæmt greinargerð hans virðist vera sú, að stefnandi hafi með því að fullyrða ranglega, að hann hefði öðlast endanlegan eignarrétt að fasteigninni Hraunbrún 18 þrátt fyrir áminningu meiri hluta bæjarráðs og tilboð um, að hann yrði tekinn í sátt, ef hann framseldi stefnda boð sitt, gert áframhaldandi samstarf við yfirboðara sína útilokað og með því fyrirgert hugsanlegum bótarétti sínum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram auk þess, sem að framan

greinir, að ekki hafi verið farið eftir réttum reglum við lausnarveitinguna, lausn hans hafi farið í bága við fyrirmæli 7. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. febrúar 1971 og 7. gr. laga 38/1954, sbr. 8., 9. og 11. gr. þeirra laga, brottvikningin hafi í raun verið endanleg þrátt fyrir tilvísun bæjarstjórnar í 7. gr. nefndra reglna og laga. Sér hafi engin laun verið greidd fyrir tímabilið, eftir að frávikningin tók gildi, þrátt fyrir ákvæði nefndrar 7. gr. og sé því tilvitnun í það ákvæði marklaus. Þá hafi ekki verið tekin afstaða til þess, hvort hann skyldi halda stöðu sinni að niðurstöðu rannsóknar lokinni, sbr. 8. gr. nefndra reglna og laga.

Á því er byggt, að hann hafi mátt vænta þess að halda stöðu sinni til 1. september 1978, þegar fjögurra ára ráðningartímabili hans var lokið. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið gætt þess ákvæðis 3. mgr. 7. gr. að veita sér áminningu, áður en kæmi til lausnar úr starfi, óþarfi hafi verið að veita sér endanlega lausn, þar sem hægt hefði verið að veita launalaust leyfi eða lausn um stundarsakir. Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekkert það til saka unnið, sem réttlæti lausn hans. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi átt rétt á sams konar öryggi í starfi sem starfsmaður sveitarfélags, eins og ríkisstarfsmönnum sé heitið í 4. gr. laga 38/1954 innan marka ráðningartíma síns, enda hefði verið óheimilt að víkja honum úr starfi með uppsagnarfresti án sakar.

Varðandi lækkun kröfugerðar sinnar heldur stefnandi því fram, að honum hafi verið heimilt að láta útsvarsskuld sína jafnast við bótakröfuna samkv. reglum um skuldajöfnuð.

Þegar mál þetta var flutt í fyrra sinnið, þann 9. maí 1978, kom fram sú málásástæða af hálfu stefnda, að háttsemi stefnanda við uppboðið hafi verið með þeim hætti, að hann eigi einn sök á því, að hann missti starf sitt. Var í því sambandi vísað til 4. gr., 1. tl., laga 38/1954 og 5. gr., 1. tl., reglna frá 2. febrúar 1971, þar sem segir, að sá, sem sé fastráðinn í stöðu, skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert tilgreindra atriða komi til, þar á meðal, að hann brjóti af sér í starfi, svo að honum beri að víkja úr því.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið fastráðinn starfsmaður, en því þó játað, að ákvæði reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar varðandi fastráðna starfsmenn eigi við um réttarstöðu stefnanda með þeirri takmörkun, sem leiði af ráðningartíma hans.

Við munnlegan málflutning var því nánar haldið fram, að atferli stefnanda við uppboðið og óbilgjörn afstaða hans eftir á hafi gert áframhaldandi samstarf hans við yfirmenn hans útilokað og að það hafi ekki samrýmst stöðu hans, að hann hefði gagnstæða afstöðu við bæjarstjórn varðandi uppboðið.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að bæjaryfirvöld hafi aldrei haft þá stefnu að láta bæjarsjóð eignast fasteignir við nauðungaruppboð í Hafnarfirði til að hafa af því fjárhagnað, stefnanda hafi mátt vera ljóst, að honum sem einum af æðstu yfirmönnum í þjónustu bæjarins og trúnaðarmanni hans væri algerlega óheimilt að afla sér persónulega stórfellds fjárhagnaðar á sama tíma og hann fór með afar viðkvæmt og vandmeðfarið hlutverk f. h. bæjarfélagsins við nauðungaruppboð, stefnanda hafi verið óheimilt að bjóða í eignina án sérstakrar heimildar yfirboðara sinna, stefnanda hafi skv. eðli starfa síns ekki aðeins borið að gæta beinna hagsmuna bæjarsjóðs, heldur jafnframt þess, að þegn bæjarfélagsins yrði ekki fyrir óeðlilegu tjóni.

Þá virðist því haldið fram, að bæjarsjóður hafi verið hæstbjóðandi á fyrra uppboðinu og að stefnandi hafi með því að gera yfirboð á síðara uppboðinu stuðlað að því, að bæjarsjóður yrði fyrir tjóni, en að hann sjálfur auðgaðist að sama skapi, óeðlilegt hafi verið, að stefnandi gerði slíkt boð, og jafnframt óheimilt.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi brotið gegn ráðningarsamningi með því að stunda almenn lögfræðistörf samhliða bæjarlögmannsstarfinu.

Á það er bent af hálfu stefnda, að stefnandi hafi beðið um launalaust leyfi, þar til ágreiningur hans við bæjarráð væri til lykta leiddur. Þegar af þeirri ástæðu hafi ekki verið skylt að greiða honum laun fyrr en í fyrsta lagi, þegar úrskurður uppboðsdómsins lá fyrir, en stefnda hafi ekki verið skylt að taka afstöðu til þess, hvort hann héldi stöðu sinni áfram fyrr en á þeim tíma, þá hafi stefnandi verið farinn að stunda sjálfstæðan rekstur sem málflutningsmaður, en það starf hefði ekki samrýmst því, að hann héldi áfram starfi sínu sem bæjarlögmaður, og eðlilegast hefði verið, að hann hefði sjálfur átt frumkvæði að því, að afstaða yrði tekin til þess, hvort hann tæki við starfi sínu aftur, en það hafi hann ekki gert.

Þá hefur því verið hreyft af hálfu stefnda, að dómurinn í sakamálinu hafi verið byggður á ófullnægjandi upplýsingum; ef þær

upplýsingar, sem nú liggja fyrir, hefðu verið fyrir hendi, hefði dómurinn ef til vill orðið á annan veg.

Af hálfu stefnanda hefur verið andmælt þeim skilningi á starfs-skyldum hans, að honum hafi borið að gæta hagsmuna uppboðs-póla. Því er og haldið fram af hálfu stefnanda, að krafa stefnda hefði greiðst að fullu af uppboðsandvirði miðað við boð stefnanda á síðara uppboðinu. Því hefur verið hreyft af hálfu stefnanda, að eftir að nýr bæjarstjórnarmeirihluti tók við stjórn bæjarins eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1974, hafi sú afstaða komið fram af hálfu bæjaryfirvalda, að æskilegt væri, að hann léti af störfum, hafi þetta meðal annars komið fram í því, að hann hafi ekki getað fengið greiðslu fyrir aukavinnu, sem honum hafi verið nauðsynlegt að vinna, jafnframt því sem honum hafi verið bannað að stunda málflutning sjálfstætt.

Af stefnda hálfu er því andmælt, að stjórn málaafstaða hafi haft nokkur áhrif á samskipti bæjaryfirvalda og stefnanda. Á það er bent, að ekkert liggi fyrir í málinu um, hve mikla eftirvinnu stefnandi telji sig hafa unnið án þess að fá greiðslu fyrir.

Varðandi varakröfu stefnda hefur af hans hálfu verið bent á, að stefnandi hafi verið ungur að árum, þegar starfi hans sem bæjarlögmanns lauk, og að hann hafi ekki verið í fastri stöðu.

Varðandi lækkun kröfugerðar stefnanda er því haldið fram af hálfu stefnda, að breyting á kröfugerð sé aðeins heimil, að hún sé gagnaðilja í hag, en í því tilvik, sem hér um ræðir, sé því ekki til að dreifa.

SÖNNUNARATRIÐI.

2.3.1. Þegar stefnandi kom fyrir sakadóminn, skýrði hann svo frá, að hann hefði haft munnleg fyrirmæli frá bæjarstjóra um, hvernig honum bæri að gæta hagsmuna bæjarins við uppboð. Í fyrsta lagi væri nauðungarsala örþrifaráð, sem ekki skyldi gripið til, nema útséð væri um, að skuldari greiddi ekki kröfuna. Í öðru lagi kvað hann sér hafa verið bannað að bjóða í eignir fyrir hönd bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, nema til kæmu sérstök fyrirmæli bæjarráðs, enda hefði slíkt útgjöld í för með sér fyrir bæjarsjóð, sem samþykkja þyrfti sérstaklega. Kvaðst hann aðeins einu sinni hafa boðið í fasteign fyrir bæinn á sínum starfsferli og þá með samþykki bæjarstjóra f. h. bæjarráðs. Stefnandi kvaðst hafa boðið í fasteignina Hraunbrún 18 persónulega, bæði á fyrra og síðara uppboðinu. Í bæði skiptin kveðst stefnandi hafa boðið í með það fyrir augum, að nægilega hátt boð

kæmi í eignina, til að hagsmunir bæjarsjóðs væru tryggðir. Hann kveðst hafa hækkað boð sitt, til þess að allir veðhafar fengju fullnustu við sölu. Hann kveðst ekki kannast við að hafa farið út fyrir umboð sitt. Hann hafi ekkert umboð haft til þess að bjóða í eignir fyrir bæinn.

Stefnandi tók fram fyrir sakadóminum, að bæjarstjóra hefði verið kunnugt um bæði uppboðin, þar sem hann opni öll ábyrgðarbréf, sem séu stíluð til innheimtu Hafnarfjarðar, og kanni innihald þeirra.

Stefndi Kristinn Ó. Guðmundsson bæjarstjóri gaf einnig skýrslu fyrir sakadóminum. Hann sagði, að stefnanda hefði ekki verið sett erindisbréf og ekki látin í té önnur skrifleg fyrirmæli um starf sitt en þau, sem komið hafi fram í starfslýsingu, hann hafi ekki fengið fyrirmæl um það sérstaklega, hvernig hann skyldi haga sér við uppboð á fasteignum, þar sem bærinn ætti hagsmuna að gæta. Hins vegar kvaðst bæjarstjórinn hafa sagt stefnanda, að hann skyldi snúa sér til sín, sérstaklega ef eitthvað kæmi upp, sem væri óvanalegt. Í því sambandi tók bæjarstjórinn fram, að það hefði ekki verið tíðkað, að Hafnarfjarðarbær knýði fram uppboð á fasteignum, enda þótt hugsanlega væru dæmi til þess. Hann sagði, að ekki hefði legið fyrir bann við því, að stefnandi byði í fasteignir fyrir bæinn, þar sem slíkt gæti verið nauðsynlegt. Hins vegar hefði ekki verið gert ráð fyrir því, að stefnandi byði bindandi í fasteignir fyrir bæinn sjálfan nema samkv. sérstökum fyrirmælum.

Af endurriti úr uppboðsbók kemur fram, að stefnandi var sjálfur hæstbjóðandi bæði á fyrra og síðara uppboði. Með framburði uppboðshaldara og þingvitnanna var talið sannað í sakamálinu, að stefnandi hefði boðið í eignina við uppboðið 5. nóv. fyrir sjálfan sig, en ekki fyrir stefnda.

Þá var byggt á því í dóminum, að ákærði hefði ekki haft umboð til að bjóða bindandi í eignir fyrir bæjarins hönd nema samkv. sérstökum fyrirmælum, en slík fyrirmæli hefði hann ekki fengið við uppboðið.

Hér fyrir dóminum hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi haft skýr fyrirmæli um, að ekki mætti bjóða í fyrir hönd bæjarins nema samkv. sérstökum fyrirmælum bæjarstjóra. Því kveðst hann hafa orðið að gera þetta persónulega, enda hefði það verið skilningur sinn eftir viðtal við bæjarstjóra um þetta efni, að hann yrði að bjóða í sem Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, þegar þannig stæði á, hann yrði að beita almennt

skynsemi og ef sú staða kæmi upp, t. d. að hann sæti uppi með einhverja eign út af þessu, að þá yrði að leysa það vandamál í sameiningu.

Hann kveðst telja, að bæjarstjóra hafi verið kunnugt um þetta, enda hefði ekki verið hægt að standa að innheimtu lögtakskrafna bæjarsjóðs með öðrum hætti. Stefnandi var spurður, hvort það hefði ekki verið skilningur hans, að hann hefði átt að ræða við bæjarstjóra eftir fyrra uppboðið. Hann svaraði því til, að misjafnt væri, hversu gott væri að ná tali af bæjarstjóra, hér hafi verið um að ræða „rúttinumál“, sem búist hafi verið við, að mundi leysast fyrir síðara uppboðið. Hann kvaðst hafa verið mjög hissa á, að uppboðið skyldi fara fram, þar sem búist hafi verið að lofa greiðslu fyrir ákveðinn tíma áður, þegar sala stóð fyrir dyrum, hefði uppboðspoli greitt og ævinlega bjargað sér í þessu uppboðsmáli. Hann sagði sig endilega minna, að hann hefði hitt uppboðspola fyrir tilviljun á milli uppboða, og að hann hafi þá sagt sér, að allt væri klappað og klárt. Hann segir, að vel geti verið, að uppboðspoli hafi verið búinn að semja við bæjarstjóra, en hann virðist ekki hafa fengið neina tilkynningu frá bæjarstjóra um, að uppboðið ætti að falla niður eða frestast. Hann var spurður, hvers vegna hann hefði ekki látið fresta uppboðinu. Hann svaraði því til, að með því að falla frá seinna uppboðinu hefðu aðgerðir bæjaryfirvalda verið nánast markleysa, þá hefði ekkert uppboð farið fram og engin greiðsla fengist, eftir að búist hefði verið að gefa uppboðspola öll tækifæri. Hann kveðst hafa talið fráleitt að fresta uppboðinu, þar sem uppboðspoli var ekki mættur og hafði ekki haft samband við stefnda.

Hér fyrir dómi var bæjarstjóri spurður, hvort stefnanda hefði verið gert ljóst, að hann mætti ekki bjóða í eignir fyrir sjálfan sig. Svaraði bæjarstjórinn því, að hann hefði reiknað með, að hann gerði slíkt ekki. Bæjarstjórinn var spurður, hvort stefnanda hefði verið sérstaklega bannað að bjóða í fyrir bæinn. Hann svaraði því til, að honum hefði verið sérstaklega bannað að vinna nokkuð að því í eigin vinnutíma. Þá var hann spurður, hvort stefnandi hefði haft almennt umboð til að bjóða í eignir fyrir bæinn, og svaraði bæjarstjórinn því, að hann hefði ekkert almennt umboð haft til að bjóða í eignir fyrir bæinn, „en það kann að sjálfsögðu að háttu svo, þar sem honum ber að ræða við mig og ég þá afli heimildar, ef ég tel mig þá ekki hafa hana, til að gefa honum heimild til að bjóða í eignir fyrir bæ-

inn, en hann hafði ekki heimild til þess að bjóða í eignir fyrir bæinn án þess að hafa samráð við mig, nema kannski slíkt yrði nauðsynlegt eða það tilvik kæmi upp, að það yrði nauðsynlegt, og þá yrði hann að meta sína stöðu sjálfur.“

2.3.2. Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, dags. 17. nóv. 1975, var fasteignamatsverð eignarinnar Hraunbrúnar 18 þá 2.332.000 krónur.

Samkvæmt vottorði Bruabótafélags Íslands, dags. 29. júlí 1976, var brunabótamat húseignarinnar þá 12.000.000 króna.

Samkvæmt vitnisburði Herluf Poulsen, tengdaföður uppboðspóla, var húsið á lóðinni nr. 18 við Hraunbrún fullbyggt þann 5. nóv. 1975 að öðru leyti en því, að í því var bráðabirgða eldhúsinnrétting og eftir að leggja dúka og teppi á gólf að einhverju leyti. Vitnið taldi, að húsið hefði verið í sama ástandi, þegar brunabótamat fór fram.

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 10. okt. 1975, hvíldu þá á eigninni kr. 2.116.764,49, þar af 114.275 krónur til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

2.3.3. Vorið 1974 keypti stefnandi vélbátinn Hafbjörgu, GK 7, á nauðungaruppboði fyrir 40.000 krónur. Skipið var þá í slipp og ekki sjóhæft.

Stefnandi hafði þá beðið um uppboð á skipinu til fullnustu kröfu að upphæð sirka 600.000 krónur.

Stefnandi telur, að bæjaryfirvöldum hafi verið fullkunnugt um þessi kaup, og bendir meðal annars á, að Stefán Jónsson bæjarfulltrúi hafi verið framkvæmdastjóri félagsins, sem átti skipið.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að áður en fyrra uppboð fór fram á skipinu, hafi hann skýrt bæjarstjóra frá því, að komið væri að sölu, og spurt, hvort hann ætti að bjóða í fyrir bæinn. Hann segist hafa skýrt bæjarstjóra frá því, að hann hefði boðið í skipið á eftir fyrra uppboði og jafnframt leitað eftir því, hvort hann ætti að bjóða upp fyrir kröfu bæjarsjóðs. Hann kveður bæjarstjóra hafa svarað neitandi, og boð stefnanda virðist síðan hafa verið samþykkt eftir annað og síðasta uppboð. Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að oft hafi komið fyrir, að hann byði í eignir í eigin nafni til að fá það há boð í eignir, að þær kröfur, sem bærinn átti, fengjust greiddar. Hann var spurður, hvort bæjarstjóra hefði verið kunnugt um þetta og hvort hann hefði samþykkt, að stefnandi hefði þennan hátt á. Hann svaraði því til, að bæjarstjóra hefði verið

kunnugt um, að hann yrði að gera þetta, því öðruvísi hefði ekki verið hægt að standa að innheimtu lögtakskrafna Hafnarfjarðarbæjar. Hann segir, að stundum hafi komið fyrir, að hann hafi verið mættur á uppboðum ásamt fulltrúa sínum, og segir, að stundum hafi fulltrúinn boðið og stundum hann sjálfur og að fulltrúi hans hafi þá mætt fyrir uppboðspóla, en hann sagði, að það hefði getað komið fyrir, að hann ætti hæsta boð og að fulltrúi hans hafi þá beðið um annað og síðasta uppboð eða jafnvel öfugt. „Nú það er rétt að taka það fram hérna, að mér sýndist, og bæjarstjóri var mér sammála um það, að það þyrfti ákveðna hörku gagnvart ákveðnum gjaldendum til þess að knýja fram greiðslu, og þetta með uppboðin má líkja við það, að ekkert er gagn í hundi, sem geltir, en ekki bitur. Það er að segja hótun um uppboð, hún er eingöngu markleysa, ef er ekki fylgt á eftir.“

Bæjarstjórinn var spurður fyrir dóminum, hvort honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði áður boðið þannig í eigin nafni og jafnvel verið slegnar eignir. Hann svaraði því til, að hann væri ekki viss um það, hvort hann vissi um það fyrr en um það leyti sem það mál kom upp, sem lyktaði með því, að stefnandi hætti störfum fyrir stefnda. Bæjarstjórinn var ítrekað spurður um, hvort honum hefði áður verið kunnugt um bátakaup stefnanda. Hann sagðist ekki muna það glögg, hvort hann hefði frétt það einhvers staðar frá, að það mundi hafa átt sér stað. Bæjarstjórinn skýrði svo frá, aðspurður, að bærinn hefði á sínum tíma keypt fasteignina Strandgötu 37 á uppboði og að á eigninni hafi hvílt veð vegna útsvarsskulda, sem hafi verið gerð upp eða felld niður í sambandi við uppboðið. Hann kvað þessa eign síðan hafa verið selda.

Árni Grétar Finnsson bæjarfulltrúi hefur skýrt svo frá, að komið hafi fyrir, að boðið hafi verið í eignir af hálfu bæjarsjóðs, en að bærinn hafi hins vegar ekki knúið fram uppboð, svo honum væri kunnugt um. Þegar aðrir aðiljar hefðu knúið fram uppboð, hefði komið fyrir, að bærinn hefði boðið í til að tryggja hagsmuni sína og einnig til að tryggja öryrkjum og sjúku fólki, sem haft hefðu íbúð í eignum þessum, áframhaldandi húsnæði.

Bæjarstjórinn var spurður, hvort hann hefði samþykkt, að stefnandi hefði þann hátt á að bjóða í eignir í eigin nafni til þess að gæta hagsmuna bæjarins. Hann svaraði þeirri spurningu neitandi. Hann var spurður, hvort stefnandi hefði átt að hafa samband við hann, þegar nauðungarsala á eignum átti að fara fram. Bæjarstjórinn svaraði því til, að stefnandi hafi alls ekki

mátt knýja fram uppboð f. h. bæjarins, hann hafi vitað það og haft fulla vitund um, að það var ekki stefna bæjaryfirvalda að gera slíkt.

Stefnandi var nánar spurður um, hvort hann hefði skýrt bæjastjóra frá því, að hann væri orðinn eigandi að skipinu, sem hann keypti. Hann segist hafa gert það og tók fram, að oft hefði verið grínast með þetta Hafbjargarmál, ef svo mætti kalla, á kaffistofunni á bæjarskrifstofunum að bæjarstjóra viðstöddum.

Stefán Jónsson bæjarfulltrúi var spurður um vitneskju sína um bátakaup stefnanda. Hann kvað sér hafi verið kunnugt um þau kaup, áður en málið varðandi Hraunbrún 18 kom upp. Hann sagðist ekki muna betur en að engin athugasemd hefði verið gerð við þau kaup.

Arni Gunnlaugsson bæjarfulltrúi var spurður um, hvort honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði áður boðið í eignir í eigin nafni. Var hans svar á þessa leið: „Jú, ég heyrði það nú einhvern tíma eftir á, að það var bátur herna suður í Dröfn, minnir mig. Mér er kunnugt um það, jú, jú. Það voru mjög lítilfjörlegir hagsmunir, þannig að það var ekkert gert út af því máli, nema bæjarstjóri fann að því við hann.“

Guðmundur Guðmundsson bæjarfulltrúi var spurður um þetta efni. Hann svaraði á þessa leið: „Ég man nú ekki nákvæmlega eftir því, en einhvern tíma var talað um bátsuppboð, sem ég kafaði aldrei ofan í, hvort hefði verið á vegum bæjarins, uppboðið, eða . . . en ég man ekki eftir neinu öðru.“

Vilhjálmur Skúlason bæjarfulltrúi kvaðst hafa heyrt því fleygt, að stefnandi hefði boðið í einhvern bát. Nánar aðspurður kvaðst hann ekki muna betur en að hann hefði verið búinn að heyra um bátakaupin, áður en málið varðandi Hraunbrún 18 kom upp.

2.3.4. 14. október 1975 tilkynnti stefnandi bæjarstjóra með bréfi, að hann hefði ákveðið að opna starfstofu, sem yrði opin virka daga frá kl. 1700. Í bréfinu lýsti hann þeirri skoðun, að bann við að stunda almenn lögfræðistörf jafnhliða starfi hjá bænum gildi aðeins um störf unnin í vinnutíma hjá bænum eða að því er varðaði verkefni, sem beindust gegn hagsmunum bæjarins. Annar skilningur mundi þýða, að hann hefði afsalað bænum aflahæfi sínu og að slíkt fengi ekki staðist.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf bæjarstjóra, dags. 11. nóv. 1976, til sakadóms Hafnarfjarðar, og segir svo í bréfi þessu: „Þann 26. maí 1975 veitti Ingvar Björnsson, hdl., sem þá gegndi

starfi bæjarlögmanns í Hafnarfirði, móttöku greiðslu á kr. 51.200 frá Jóhanni Þorsteinssyni, skipstjóra, vegna útsvars að upphæð kr. 25.000, sem Jóhann hélt eftir af launum Theodórs R. Einarssonar 15. maí 1970 auk vaxta og kostnaðar. Ingvar Björnsson hafði ekki heimild til sérstakrar þóknunar fyrir innheimtu í starfi sínu sem bæjarlögmaður.

Sem svar við fyrirspurn minni til Ingvars, dags. 15. nóv. s.l., vegna umrædds misræmis sendi hann ljósrit kvittunar undirritaða af Theodóri R. Einarssyni.

Theodór hefur upplýst, að hann hafi undirritað kvittunina 9. nóv. s.l. og þá jafnframt tekið við greiðslunni.

Vegna ofanritaðs er hér með óskað opinberrar rannsóknar á meðferð Ingvars Björnssonar á tilgreindri innheimtu og skilum og svo á öðrum uppgjörsmálum, sbr. kvittanabók, eftir því sem tilefni gefst til. Þá er og sú krafa gerð, að Ingvari verði gert að greiða bæjarsjóði Hafnarfjarðar kr. 20.742.00, sem hann heldur ólöglega eftir af greiðslu þeirri, sem hann tók á móti hjá Jóhanni Þorsteinssyni, og hefur ekki gert bæjarsjóði skil á, auk vaxta.“

Samkvæmt framlögðum gögnum hefur farið fram rannsókn á þessu máli í sakadómi Hafnarfjarðar. Þá hefur verið lagt fram bréf ríkissaksóknara til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 12. janúar 1978, þar sem segir, „að eftir atvikum er af ákærvaldsins hálfu eigi krafist að svo stöddu frekari aðgerða að því er hið sérgreinda kærutívik varði, en komi fram frekari rökstuðningur af hálfu kæranda fyrir kæru sinni að því er varðar önnur uppgjörsmál ber að taka rannsókn málsins að því leyti upp að nýju.“

Á fundi bæjarstjórnar 24. janúar 1978 var gerð svofelld ályktun: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar beinir því til hæstvirts dómsmálaráðherra, að hann láti fara fram rannsókn á meðferð embættis ríkissaksóknara og embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði á kæru bæjarstjórans í Hafnarfirði, dagsettri 11. nóv. 1976, á hendur fyrrverandi bæjarlögmanni Ingvari Björnssyni vegna innheimtu og skila til bæjarsjóðs á tilgreindri útsvarsskuld svo og öðrum uppgjörsmálum, samanber kvittanabók.“

Ályktun þessi var send dómsmálaráðherra í bréfi, dags. 30. janúar 1978.

Bæjarstjóri skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann hefði í upphafi lagt áherslu á það munnlega við stefnanda, að hann stundaði ekki lögfræðistörf sem atvinnu samhliða starfi sínu

hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Hann sagði, að stefnandi hefði tvímælalaust ekki haft heimild til að annast störf í eigin þágu í vinnutíma hjá bænum.

Bæjarstjórinn var spurður um það á bæjarþingi, hvort stefnandi hefði verið áminntur vegna þess, að hann hefði sett á fót og auglýst lögfræðiskrifstofu og fasteignasölu. Bæjarstjórinn svaraði því til, að hann hefði greinilega verið búinn að láta stefnanda vita af því, að honum væri það óheimilt.

Stefán Jónsson, forseti bæjarstjórnar, skýrði svo frá á bæjarþinginu, að margsinnis hefði veriðúið að gera stefnanda ljóst, að bærinn mundi ekki líða það, að hann væri að reka sjálfstæða starfsemi sem lögfræðingur í bænum, á meðan hann væri í þjónustu bæjarins. Stefán sagðist hafa litið svo á, að í rauninni með því að opna lögfræðiskrifstofu hefði stefnandi raunverulega verið að segja upp starfi sínu, þar sem honum hafi verið ljóst, að bæjarstjórn vildi ekki, að starfsmenn bæjarins hefðu þann hátt á starfi.

Vilhjálmur Skúlason bæjarfulltrúi skýrði svo frá, að honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði opnað lögfræðiskrifstofu í eigin nafni, sem hann ætlaði að reka fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð. Hann sagði, að það hefði að sínu mati ekki samrýmt því samkomulagi, sem stefnandi hafði gert við bæjarstjórn, þar sem lögð hefði verið mikil áhersla á, að æðstu yfirmenn bæjarins, að minnsta kosti, og allir starfsmenn bæjarins sinntu ekki öðrum störfum en þeim, sem þeim var ætlað að sinna hjá bænum. Hann kvaðst ekki muna betur en að sér hefði verið kunnugt um þetta, áður en málið varðandi Hraunbrún 18 kom til.

Hann var spurður, hvort hefði komið til greina að finna að við stefnanda vegna opnunar skrifstofunnar. Hann sagði, að það hefði komið til greina meira en gefa honum áminningu vegna þess, að það hefði verið skoðun vissra bæjarfulltrúa, að hann hefði þegar fyrirgert rétti sínum með því að opna lögfræðiskrifstofuna. Um þetta hefðu þó allir bæjarfulltrúar ekki verið sammála og þar af leiðandi hefði ekki orðið úr framkvæmd.

Árni Grétar Finnsson bæjarfulltrúi sagði, að rétt áður en uppboðsmálið kom upp, hefði komið fram óánægja hjá bæjarfulltrúunum varðandi stefnanda, þar sem hann var ráðinn með þeim skilyrðum, að hann stundaði ekki lögfræðistörf sjálfur, en hann hafi þó gert það og auglýst meðal annars. Hann segir, að sér hafi verið tjáð, að bæjarstjóri hafi gefið honum áminningu

út af þessu og að oft hafi verið rætt um þetta milli bæjarfulltrúanna, að þeir væru mjög óánægðir með þetta.

2.3.5. Þann 22. apríl 1975 samþykkti bæjarstjórn að fella að svo stöddu niður alla yfirtíð hjá Hafnarfjarðarbæ og stofnunum hans, nema hjá verkamönnum, sem heimilt væri að vinna daglega eina kukkustund og fimmtán mín. í eftirvinnu, þó væri heimilt að vinna yfirtíð, ef brýn nauðsyn bæri til, enda væri ákvörðun um það í hverju einstöku tilfelli tekin af forstöðumanni viðkomandi stofnunar og jafnan haft samráð við bæjarstjóra.

Samkvæmt vottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, hafa þrettán starfsmenn á bæjarskrifstofunum fengið greidd laun fyrir yfirvinnu á tímabilinu maí til september 1975 og níu starfsmenn bæjarverkfræðings.

Á þessu tímabili fékk stefnandi enga yfirvinnu greidda. Hann bendir á, að á þessu tímabili hafi aðalgjaldkeri bæjarins, Valur Ásmundsson, fengið greiðslu fyrir rúmlega 191 klst., eða til jafnaðar tæplega 38 og 1/2 klst. á mánuði, bæjarritari tæplega 167 klst., eða til jafnaðar 133 og 1/2 klst. á mánuði, innheimtu-fulltrúi stefnanda 38 og 1/2 klst. alls og annar aðstoðarmaður hans 47 yfirvinnustundir. Hann staðhæfir, að hann sjálfur og Gunnar Bjarnason fulltrúi, aðstoðarmaður hans, hafi verið einu starfsmennirnir á bæjarskrifstofunum, sem engar greiðslur fengu fyrir yfirvinnu á nefndu tímabili.

Af þessum ástæðum kveðst hann hafa ritað bréfið, þar sem hann tilkynnir um opnun lögfræðiskrifstofu, enda er þess getið í bréfinu, að rekstur skrifstofunnar muni ekki rekast á við starf hans hjá bænum, þar sem yfirvinnubann væri í gildi, að minnsta kosti gagnvart honum. Stefnandi segir, að þetta bréf hafi verið ritað, vegna þess að hann hafi enga yfirvinnu fengið greidda og allir samningar um fastráðningu og launahækkun farið út um þúfur, hann hafi ekki séð sér fært að framfleyta sér af föstum tekjum og verið ítrekað búinn að skýra bæjarstjóra frá því, bæjarstjóri hafi alltaf ætlað að útbúa tillögur um ráðningu og breytt launakjör og annað, sem að því laut, en aldrei sést neinn árangur af því. Hann segir, að svo hafi farið að lokum um sumarið 1975, að hann afhenti bæjarstjóra öll þau mál, sem hann var með fyrir hönd bæjarins sem lögmaður, og tjáð honum, að hann hefði ekki tíma til að sinna þessum málum, þar sem þau væru mörg þess eðlis, að þau yrðu að vinnast í algeru næði og þá eftir vinnutíma, og þar sem hann ekki fengi greitt sérstaklega fyrir það, þá gæti hann ekki sinnt því.

Stefnandi hafði ásamt bæjarlögmannsstarfinu sem aukastarf forstöðu fyrir heilsuverndarstöð Hafnarfjarðar frá 15. september 1973 til 31. október 1974, er hann var leystur frá því starfi að eigin ósk. Hann segist hafa sagt þessu starfi lausu, vegna þess að hann hefði haft það mikið að gera sem bæjarlögmaður, að hann hefði ekki getað gegnt því starfi, þannig að viðunandi væri.

Hann segist hafa búist við því, að ef yfirmenn hans gætu ekki sætt sig við, að hann hæfi þannig sjálfstæðan atvinnurekstur, mundu þeir tilkynna honum það með formlegum hætti í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, en það hafi ekki verið gert.

Stefnandi var spurður, hvort hann hefði opnað lögfræðiskrifstofu á þeim tíma, sem hann var starfandi bæjarlögmaður. Hann svaraði því neitandi. Hann kannaðist við að hafa auglýst í blaði og gefið upp í auglýsingunni heimasímanúmer sitt og viðtals tíma kl. 1700 eða 1730. Hann sagði sig minna, að minnst hefði verið á skipa- og verðbréfasölu í auglýsingunni. Hann sagði, að einu lögmannsstörf sín, meðan hann var bæjarlögmaður, hefðu verið þau, að hann hefði tekið að sér að gera skattframtöl fyrir menn, og hann sagðist hyggja, að hann hefði auglýst þá starfsemi eftir að hafa rætt um það við bæjarstjóra, að hann hygðist gera það. Hann kvað bæjarstjóra engum athugasemdum hafa hreyft við því, en sagt, að lögfræðingarnir í bæjarstjórn væru ekki hrifnir af þessu. Hann segist einu sinni hafa farið út á land til að ganga frá samningum um sölu á landi og skýrt bæjarstjóra frá því og fengið tveggja daga frí til að ganga frá þessu. Hann sagðist hafa auglýst í því augnamiði að knýja fram viðbrögð af hálfu bæjaryfirvalda vegna deilu sinnar og bæjarráðs varðandi launakjör og greiðslu fyrir yfirvinnu. Hann segir, að bréfið um opnun lögfræðiskrifstofu hafi verið ritað í framhaldi af því.

Bæjarstjórinn segir, að stefnandi hafi ekki haft leyfi til að telja fram fyrir fólk.

Stefnandi kveðst aldrei hafa fengið áminningu vegna lögfræðiskrifstofu eða fasteignasölu.

Bæjarstjórinn segir, að bæjarráð hafi verið með bréf stefnanda um opnun lögfræðiskrifstofu til meðferðar, þegar uppboðsmálið kom upp, og verið að hugleiða aðgerðir gagnvart honum. Hann kveðst hafa litið á þetta sem brot af hálfu stefnanda og segist telja, að bæjarráðsmenn hafi talið það líka. Hann segir, að uppboðsmálið hafi komið upp, áður en ákvörðun var tekin

um aðgerðir vegna bréfsins. Hann segir, að það mál hafi ráðið úrslitum um, að stefnandi var látinn fara.

Stefnandi segir, að Árni Gunnlaugsson hafi nokkrum sinnum beðið um frest á uppboði vegna eiganda Hraunbrúnar 18, þar sem hann væri félitill, og segist stefnandi í öllum tilvikum hafa orðið við beiðni Árna.

Árni Gunnlaugsson var spurður, hvort uppboðspoli hefði verið skjólstæðingur hans. Hann svaraði því til, að hann hefði ekki verið skjólstæðingur sinn sérstaklega, hann hafi þó einhvern tíma unnið fyrir hann, en ekki í sambandi við uppboðið. Hann kvaðst ekki muna, hvort fulltrúi sinn hefði mætt fyrir hann, það gæti vel verið, að hann hefði einhvern tíma tekið frest fyrir hann. Hann sagðist ekki þora að fullyrða, hvort hann hefði sjálfur beðið um frest. Hann segist hafa gefið uppboðspóla leiðbeiningar um útvegum lögmanns eftir uppboðið.

2.4.

ÁLIT DÓMSINS.

2.4.1. Aðiljar eru nú sammála um, að stefnanda hafi verið veitt endanleg lausn 17. nóvember 1975.

Um réttindi og skyldur stefnanda virðist auk ráðningarsamnings hans hafa farið eftir reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. febrúar 1977 og kjarasamningi frá sama tíma. Hins vegar virðast lög 38/1954 ekki gilda um skipti aðilja, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Samkvæmt málflutningi aðilja virðist mega leggja til grundvallar, að ákvæði nefndra reglna um fastráðna starfsmenn hafi gilt um stefnanda með þeim frávikum, sem leiða af því, að ráðningartími hans var bundinn við ákveðið tímabil.

Samkvæmt þessu virðist stefnandi hafa mátt vænta þess að halda stöðu sinni til loka ráðningartímans, nema eitthvert þeirra atvika, sem greind eru í 5. gr. reglnanna, kæmu til. Af þessum atvikum er samkvæmt því, sem fram er haldið af aðiljum, einungis um að ræða, hvort stefnandi hafi brotið af sér í starfi, þannig að honum hafi borið að víkja úr því, sbr. 1. tl. 5. gr.

Samkvæmt 31. gr. reglna frá 2. febrúar 1971 bar stefnanda að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna, gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem honum væri til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað gæti rýrð á það starf eða starfsgrein, sem hann vann við.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. er rétt að veita starfsmanni lausn um stundar sakir, ef hann hefur brotið af sér í starfi, eins og nánar segir í málsgreininni, þ. á m. ef hann hefur sýnt af sér óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns eða framkoma hans eða athafnir þykja ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þá skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir.

Ekki er gert ráð fyrir því í reglunum, að starfsmanni sé veitt lausn án undanfarandi lausnar um stundarsakir.

Samkvæmt því, sem fram er haldið af stefnda, virðist þurfa að taka afstöðu til eftirfarandi atvika í þessu sambandi.

1. Boðs stefnda í fasteignina Hraunbrún 18 á nauðungaruppboði;
2. Synjunar hans um að framselja stefnda boð sitt, þeirrar afstöðu hans að telja sig eiganda fasteignarinnar og kröfu hans um, að boð hans yrði samþykkt;
3. Ákvörðunar stefnanda um að stofna til sjálfstæðrar málflutningsstarfsemi og fasteignasölu, auglýsinga hans um þá starfsemi og starfa hans að málflutningi, fasteignasölu og aðstoð við skattframtöl á ráðningartímanum.

2.4.2. Samkvæmt því, sem fram hefur komið af hálfu aðilja, virðist ótvírætt mega byggja á því, að stefnandi hafi persónulega orðið hæstbjóðandi á öðru og síðara uppboði.

Þegar þess er gætt, sem fram kemur í dómi sakadóms og sem styðst við annað, sem fram er komið í málinu, að stefnandi hafði ekki umboð til að bjóða í fasteignir fyrir hönd bæjarsjóðs, sbr. og 2. mgr. 47. gr. sveitarstjórnarlaga og til hliðsjónar 35. gr. og 2. tl. f liðar 1. mgr. 11. gr. sömu laga, enn fremur að stefnandi, en ekki stefndi, var bókaður hæstbjóðandi á fyrra uppboði á sama hátt og á því síðara, þykir bera að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi einnig persónulega verið hæstbjóðandi á fyrra uppboði. Af því leiðir, að ekki verður fallist á ályktanir stefnda, sem byggjast á því, að stefnandi hafi bakað stefnda tjón með yfirboði.

Ekki verður fallist á það með stefnda, að nokkrar þær upplýsingar hafi komið fram í málinu, sem hefðu verið fallnar til að breyta þeirri ályktun sakadóms Hafnarfjarðar, að stefnandi hafi ekkert refsivert aðhafst með því að bjóða í fasteignina Hraunbrún 18 á öðru og síðara uppboði.

Með tilvísun til þeirra raka, sem fram koma í dóminum, þykir

bera að fallast á þessa niðurstöðu sakadóms, sbr. 238. gr. almennra hegningarlaga.

Verður þá til úrlausnar, hvort stefnandi hafi eigi að síður brotið þannig af sér með atferli sínu á uppboðinu, að hann verði að hlýta því að vera leystur frá störfum án bóta.

Ekki virðist vera fyrir að fara nokkru lagaákvæði eða annarri almennri réttarheimild, sem geri það almennt ólöglegt, að opinberir starfsmenn bjóði í eignir í eigin nafni á uppboðum, þar sem þeir eru mættir til að gæta hagsmuna hins opinbera.

Verður þá næst fyrir að taka afstöðu til þess, hvort einhverjum atvikum sé fyrir að fara í málinu, sem hljóti að leiða til þess, að talið verði, að atferli stefnanda verði eigi að síður talið ólöglegt.

Ekki hefur komið fram, að stefnanda hafi borist nokkur fyriræli fyrir uppboðið um að óska eftir, að því yrði frestað eða það fellt niður.

Þegar þess er gætt:

— að samkvæmt veðbókavottorði hvíldu einungis kr. 2.116.764.49 á fasteigninni;

— að einungis kr. 385.516.67 af þessari fjárhæð virðast hafa verið vísitölubundnar;

— að auk þessa kemur ekki fram, að á eigninni hafi hvílt annað en óþinglýst veðskuld við Landsbanka Íslands, að fjárhæð 110.400 krónur, og fasteignagjöld 1974 og 1975 og útsvar 1975 til stefnda, samtals að fjárhæð 176.151 króna;

— að veðskuldir, sem þannig er kunnugt um í málinu, námu samtals kr. 2.403.315.49 og

— að þótt við þá fjárhæð hafi mátt bæta vöxtum og kostnaði, má ætla að búið hafi verið að greiða af þessum skuldum að meira eða minna leyti, en

— að endanlegt boð stefnanda nam 2.500.000 krónum, verður ekki séð, að stefnandi hafi teft fjárhagsmunum stefnda í hættu með boði sínu.

Þá þykir með tilvísun til raka sakadóms ekki verða talið, að stefnandi hafi brotið af sér gagnvart stefnda með boði sínu í þeim skilningi, að hann hafi eytt til þess af þeim vinnutíma, sem honum var skylt að nota í þágu stefnda.

Þegar þau gögn málsins eru virt, sem lúta að þeim fyrirmælum, sem stefnandi fékk varðandi uppboð, og að vitneskju bæjarýfirvalda um þann hátt, sem stefnandi hafði á við hagsmunagæslu fyrir stefnda á uppboðum, þykir mega leggja til grund-

vallar, að yfirboðurum stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að hann hafði áður haft þann hátt á að gera boð í eigin nafni á uppboði og að honum hafi hvorki verið bannað að hafa þann hátt á né gert ljóst, að til þess væri ekki ætlast.

Því hefur verið hreyft, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að ekki væri ætlast til, að hann færi þannig að, þar sem það hafi ekki verið stefna bæjarsjóðs að knýja fram uppboð.

Pegar þess er gætt, að stefnanda var falið að óska uppboðs á eignum, sem stefndi átti uppboðsheimildir í, og fylgja uppboðsbeiðnum sínum eftir fyrir uppboðsdómi, virðist ekki fyllilega rökrétt, að þeirri stefnu væri jafnframt fylgt að stefna ekki að því, að þær gerðir færu fram, sem þannig voru gerðar kröfur um fyrir dómstóli, ef sú hvatning til greiðslu, sem uppboðsbeiðnunum var ætlað að hafa, bar ekki tilætlaðan árangur, enda hætt við, að slík stefna væri ekki vænleg til að knýja menn til skilvísí gagnvart bæjarfélaginu. Þótt ekki þyki ástæða til að efa, að þetta kunni eigi að síður að hafa verið meginstefna bæjaryfirvalda, verður þó ekki talið gegn andmælum stefnanda, að honum hafi mátt vera þessi stefna þannig ljós, að jafnað verði til banns við að bjóða í eignir í eigin nafni. Í þessu sambandi þykir einkum bera að líta til þess, að stefnandi virðist hafa gert kröfu um það í uppboðsdóminum, að sala yrði ákveðin og auglýst á eigninni sjálfri, og að ekki er annað að sjá en að þar hafi verið um að ræða venjubundinn þátt í starfi hans, sem ekki hafi sætt athugasemdum af hálfu bæjaryfirvalda.

Pegar borið er saman boð stefnanda í eignina og þau gögn, sem fram hafa komið um verðmæti eignarinnar, þykja vera fyrir hendi sterkar líkur á, að boð stefnanda hafi verið langt undir sannvirði eignarinnar.

Pegar þess er gætt, að opinbert uppboð er hin lögboðna aðferð við nauðungarsölu eigna og að það er þannig fyllilega löglegt að bjóða í eignir án tillits til þess, hvort boð er í samræmi við verðmæti uppboðsandlagsins, þá þykir þetta atriði ekki eiga að geta breytt þeirri niðurstöðu, að atferli stefnanda við uppboðið hafi verið lögmætt gagnvart stefnda í almennum skilningi og það án tillits til þeirrar aðstöðu, að ekki var öðrum til að dreifa, sem gætu boðið betur þrátt fyrir löglega auglýsingu uppboðsins. Hér virðist því einvörðungu vera um að ræða siðferðilegt álitaefni, sem ekki eru efni til að taka afstöðu til að öðru leyti en því sem réttaráhrif kunna að vera bundin við siðferðilega ámælisvert atferli opinberra starfsmanna.

Eins og að framan er rakið, kunna athafnir í starfi, sem þykja ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfi, að leiða til þess skv. 7. gr. reglna 2. febrúar 1971, að starfsmanni verði veitt lausn um stundarsakir og síðan til endanlegrar lausnar, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Því hefur verið haldið fram af stefnda hálfu, að stefnanda hafi borið að gæta hagsmuna uppboðspola. Þar sem augljóst er, að umboðsmaður kröfuhafa á uppboði getur ekki með eðlilegu móti verið jafnframt umboðsmaður uppboðspola í lagalegum skilningi, þykir bera að skýra þessa röksemd svo, að hér sé átt við siðferðilega skyldu stefnanda sem starfsmanns bæjarfélagsins til að gæta þess, að hagsmunir bæjarbúa verði ekki bornir fyrir borð.

Þegar þess er gætt, að uppboðspoli virðist hafa sýnt af sér fáheyrt tómlæti varðandi gæslu hagsmuna sinna með ítrekaðri útvíst í uppboðsréttinum, og þar sem ekkert er komið fram um, að högum hans væri þannig háttað, að hann væri miður fær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur, eða að ástæða væri til, að hann nyti þeirrar félagslegu aðstoðar bæjarfélagsins, sem almennt er veitt lögum og venju samkvæmt, og þegar litið er til þeirrar vísbendingar, sem gögn málsins gefa um fjárreiður og fjárstjórn uppboðspola og þess langlundargeðs, sem honum hafði verið sýnt af hálfu skuldheimtumanna, þ. á m. stefnda, verður ekki talið, að stefnandi hafi með því að bera hagsmuni uppboðspola fyrir borð brotið svo af sér siðferðilega gagnvart stefnda, að hann teljist hafa fyrirgert starfi sínu með þeim hætti.

Um það, hvort það verði talið ósæmilegt eða óhæfilegt af stefnanda eða ósamrýmanlegt starfi hans að nota þá aðstöðu, sem honum bauðst, þar sem hann var mættur á uppboðinu á vegum stefnda, til að komast yfir íbúðarhús eins af þegnum bæjarfélagsins fyrir verð, sem hann gat ráðið sjálfur vegna skorts á samkeppni og sem hann virðist hafa reiknað út frá öðrum atriðum en verðmæti uppboðsandlagsins, kunna að vera skiptar skoðanir.

Einróma álit bæjarfulltrúa og bæjarstjóra um þetta efni liggur fyrir í málinu.

Í því sambandi, sem hér um ræðir, virðist ekki þurfa að taka afstöðu til þessa atriðis að öðru leyti en því, hvort þetta atferli heimilaði stefnda að víkja stefnanda úr starfi til fullnaðar án fyrirfarandi áminningar og án bóta.

Samkvæmt áðurtilvísuðu ákvæði og 7. gr. nefndra reglna er almennt aðeins gert ráð fyrir, að bæjarstjórn víki starfsmanni

úr starfi um stundarsakir og greiði honum helming fastra launa skv. 8. gr., ef hann gerist sekur um brot, sem þar um ræðir. Þegar um siðferðilegar ávirðingar eingöngu er að ræða, virðist ekki koma til álita, að bæjarstjórn geti bótalaust beitt starfsmenn harðari úrræðum.

Þá virðist ljóst, að bæjarstjórn getur ekki bótalaust veitt starfsmanni lausn, sem gerst hefur sekur um siðferðilega ámælisvert atferli að hennar dómi án þess að veita honum áminningu áður og gefa honum kost á að bæta ráð sitt.

Þykir þá verða að leysa úr því, hvort stefnanda hafi verið veitt áminning og honum gefinn kostur á að bæta ráð sitt.

Umrætt ákvæði 7. gr. þykir fyrst og fremst bera að skilja þannig, að almennt eigi ekki að víkja starfsmanni úr starfi við fyrsta brot, heldur að þá fyrst komi til greina að veita honum lausn um stundarsakir, þegar um ítrekun er að ræða. Þegar hefur verið skorið úr því, að ekki verður lagt til grundvallar, að stefnanda hafi verið veitt áminning fyrir boð, sem hann hafði áður gert í eignir á uppboðum. Síðar verður vikið að því, hvort hann hafi verið áminntur nægilega í skilningi 7. gr. nefndra reglna vegna annarra ávirðinga, sem talið er af hálfu stefnda, að hann hafi gerst sekur um.

Hér þykir þá verða að taka til úrlausnar, hvort nægileg áminning hafi falist í kröfu meiri hluta bæjarráðs um, að stefnandi framseldi stefnda boð sitt.

Í fyrsta lagi virðist þessi krafa hafa byggst á þeirri sameiginlegu skoðun aðilja, að einhver lögvarinn réttur til uppboðsandlagsins hefði stofnast til handa hæstbjóðanda á uppboðinu, en báðum aðiljum mátti þó vera ljóst, að stefnandi átti engan rétt á, að boð hans yrði samþykkt, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga 19 frá 1949 um nauðungaruppboð og úrskurð uppboðsréttarins frá 26. febrúar 1977.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laganna var þó hverjum þeim veðhafa, sem átti gjaldfallna kröfu og átti í vændum að fá hluta í uppboðsandvirðinu, rétt að krefjast þess, að boð stefnanda yrði samþykkt, en engin slík krafa hafði þó komið fram.

Þá er þess að gæta, að stefnandi hafði ekki gefið afsvar við kröfu bæjarráðs, þegar honum var vikið úr starfi. Þá er þess að gæta, að stefndi virðist engan lögvarinn rétt hafa átt á að fá framsal frá stefnanda, og að vandséð er, að með því hefði ráð stefnanda verið í nokkru bætt, þótt við það væri miðað, að atferli hans teldist siðferðilega ámælisvert. Krafa stefnda um

framsal boðs þykir þannig ekki uppfylla skilyrði til að vera talin áminning í skilningi 7. gr. reglna 2. febrúar 1971.

2.4.3.

Um 2.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar frá 20. október 1976 var leyst úr því, að stefnandi hefði ekki gerst sekur um refsiverða misnotkun á aðstöðu í starfi sínu sem bæjarlögmaður með því að krefjast „útlagningar á eigninni með útgáfu uppboðsafsals sjálfum sér til handa“, eins og segir í ákæru.

Engin gögn eða upplýsingar hafa komið fram í málinu, sem vænta má, að hefðu breytt þessari niðurstöðu.

Í samræmi við dóm þennan þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi með því að krefjast þess, að boð hans yrði samþykkt.

Samkvæmt greinargerð stefnda var það upphaflega meginmálsástæða hans, að stefnandi hefði fyrirgert starfi sínu með því að halda ranglega til streitu meintum rétti sínum til uppboðsandlagsins í andstöðu við bæjaryfirvöld.

Samkvæmt framansögðu verður að byggja á því, að stefnandi hafi rangmetið réttarstöðu sína í þessu efni, en þegar þess er gætt, að ekki var samkvæmt framansögðu útséð um, hver yrði endanleg afstaða stefnanda í þessu efni, þegar honum var vikið úr starfi, og að stefnandi hafði ekki neytt heimildar 5. mgr. 29. gr. uppboðslaganna til að krefjast þess fyrir hönd stefnda, að boð sitt yrði samþykkt, og að öðru leyti með tilvísun til 7. gr. nefndra reglna verður ekki fallist á, að þessi afstaða stefnanda væri fullnægjandi ástæða til lausnar úr starfi án bóta.

2.4.4.

Um 3.

Samkvæmt 38. gr. reglna 2. febrúar 1971 var stefnanda óheimilt að stofna til atvinnurekstrar, nema skýra áður bæjarstjóra frá því.

Innan tveggja vikna frá því að tilkynning berst ber að tilkynna starfsmanni, ef starfsemi er talin ósamrýmanleg starfi og að hún verði bönnuð.

Það er alkunna, að það hefur verið mjög útbreiddur háttur hér á landi um alllangt skeið, að launamenn ynnu lengri vinnutíma en lögboðinn er eða tækju að sér aukastörf samhliða aðalstarfi til tekjuaukningar. Virðist það vera almennt viðhorf, að

einfaldar dagvinnutekjur nægi ekki til, að fjölskyldumenn geti séð sér og fjölskyldu sinni farborða á þann hátt sem talið er við hæfi. Virðist þetta viðhorf jafnvel vera eins ríkt meðal þeirra, sem njóta tiltölulegra góðra launa, sem annarra.

Það er og kunnara en frá þurfi að segja, að launþegar beita ýmiss konar þrýstingi til að ná fram vilja sínum gagnvart vinnuveitendum varðandi bætt kjör, og gegnir í þessu efni líku um opinbera starfsmenn sem aðra. Þykir almennt óhæfa nú orðið, að menn séu látnir gjalda þess með uppsögnum, þótt þeir gangi hart fram í baráttu fyrir bættum kjörum.

Stefnandi telur sig hafa verið vanhaldinn vegna framkvæmdar bæjaryfirvalda á yfirvinnubanni og hefur leitt nokkur rök að því, að hann hafi ekki setið við sama borð og aðrir í því efni. Mun hann og einkum hafa talið sig að því leyti illa haldinn, að honum var bannað að stunda almenn lögfræðistörf samhliða bæjarlögmannsstarfinu.

Í þessu ljósi þykir bera að meta það tiltæki stefnanda að tilkynna um stofnun lögfræðiskrifstofu og auglýsingar um rekstur slíkrar stofu á heimili sínu eftir vinnutíma. Ekki hefur komið fram, að stefnandi hafi í raun og veru sett á stofn eiginlega lögfræðiskrifstofu, og ekki hefur verið sýnt fram á, að þau störf, sem hann vann fyrir aðra án sérstaks leyfis, hafi skert hagsmuni stefnda á nokkurn hátt.

Ekki virðist stefnanda hafa verið tilkynnt sérstaklega, að honum væri bannað að opna starfsstofu, eftir að hann sendi stefnda tilkynningu um ætlun sína í því efni, og svo er að sjá sem ekki hafi verið samstaða um afstöðu til þess efnis í bæjarstjórn.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefnandi hafi brotið þannig af sér, að hann hafi fyrirgert bótarétti vegna lausnar með atvinnurekstri, ósamrýmanlegum starfi hans.

Engin rök hafa verið leidd að því, að stefnandi hafi nokkuð það til saka unnið varðandi viðskipti við Jóhann Þorsteinsson og útsvarsskuld Theódórs R. Einarssonar, sem geti haft þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls.

2.4.5.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að byggja á því, að stefnanda hafi ekki verið veitt áminning í skilningi 2. mgr. 7. gr. reglna 2. febrúar 1971. Þykja þegar af þeirri ástæðu ekki hafa verið skilyrði til að neyta heimildar ákvæðis-

ins til að veita honum lausn vegna meintra siðferðilegra ávirðinga.

Að þessu athuguðu þykja ekki efni til að taka frekar afstöðu til málsástæðna aðilja varðandi lausn um stundarsakir.

2.4.6. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að lausn stefnanda hafi verið óréttmæt í skilningi 11. gr. reglna frá 2. febrúar 1971, og leiðir þá af ákvæði 3. mgr. nefndrar greinar, að stefnda ber að greiða stefnanda bætur.

3.0.

TJÓN STEFNANDA OG BÓTAFJÁRHÆÐ.

3.1. Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Fjárhagslegt tjón.

Töpuð laun mánuðina desember 1975

til febrúar 1976,

— 3 mánuðir á kr. 108.523 þ. e. kr. 325.569

Mánuðina mars til júní 1976,

— 4 mánuðir á kr. 120.646 þ. e. kr. 482.584

Mánuðina júlí til september 1976,

— 3 mánuðir á kr. 135.052 þ. e. kr. 405.156

Októbermánuður 1976 kr. 146.104

Mánuðina nóvember og desember 1976,

— 2 mánuðir á kr. 150.661 þ. e. kr. 301.322

Mánuðina janúar og febrúar 1977,

— 2 mánuðir á kr. 156.389 þ. e. kr. 312.778

Mánuðina mars 1977 til ágúst 1978,

— 18 mánuðir á kr. 168.313 þ. e. kr. 3.029.534

en upphæðir þessar gera kr. 5.003.150

2. Miski og röskun á stöðu og högum — 10.000.000

Samtals kr. 15.003.150

Bótakrafa stefnanda varðandi fjárhagslegt tjón hans er byggð á þeim launum, sem stefnandi telur, að bæjarlögmanni mundu hafa verið greidd samkvæmt kjarasamningum stefnda og starfsmannafélags Hafnarfjarðarbæjar frá desember 1975 til marsmánaðar 1977. Síðan er miðað við, að sömu mánaðarlaun greiðist frá þeim tíma til ágústloka 1978, þegar ráðningartími stefnanda hefði verið út runninn samkvæmt ráðningarsamningi hans.

Krafa um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón er byggð á 264. gr. almennra hegningarlaga.

Af stefnda hálfu er því haldið fram í greinargerð, að launakrafan sé mjög vanreifuð og órökstudd og að hún styðjist ekki við neina útreikninga.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að krafa um bætur fyrir miska og röskun á stöðu og högum byggist ekki á neinum laga-grundvelli.

Stefnandi hefur lagt fram launatöflur ríkisstarfsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem hann telur, að laun hafi verið greidd eftir hjá Hafnarfjarðarbæ. Töflur þessar eru fyrir tímabilið 1. desember 1975 til 1. mars 1977.

Þegar stefnandi lét af störfum, kveðst hann hafa fengið greidd laun samkvæmt efsta þrepi launaflokks B 1 og reiknar laun á þeim grundvelli til febrúar 1976, en frá þeim tíma heldur hann því fram, að bæjarlögmaður hafi átt að taka laun samkvæmt launaflokki B 2, efsta þrepi, til loka júnímánaðar 1976, en samkvæmt flokki B 22, efsta þrepi, frá þeim tíma til 1. janúar 1977, þegar bæjarlögmaður hefði átt að hækka upp í launaflokk B 23, efsta þrep. Þessari útreikningsaðferð á áætluðum launum bæjarlögmanns hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnda öðruvísi en að framan greinir.

Lagður hefur verið fram svohljóðandi útreikningur bæjarritara á launum bæjarlögmanns á tímabilinu desember 1975 til ágúst 1978 miðað við starfsaldur stefnanda:

„Des.	'75 — febr.	'76 3 x 108.523	325.569
Mars	'76 — júní	'76 4 x 115.034	460.136
Júlí	'76 — sept.	'76 3 x 135.052	405.156
Október	'76 —	1 x 146.107	146.107
Nóv.	'76 — des.	'76 2 x 150.661	301.322
Janúar	'77	1 x 156.389	156.389
Febrúar	'77	1 x 164.208	164.208
Mars	'77 — maí	'77 3 x 168.313	504.939
Júní	'77	1 x 179.640	179.640
Júlí	'77 — ágúst	'77 2 x 213.281	426.562
Sept.	'77 — nóv.	'77 3 x 221.812	665.436
Des.	'77 — febr.	'78 3 x 252.910	758.730
Mars	'78 — maí	'78 3 x 266.365	799.095
Júní	'78 — ágúst	'78 3 x 291.909	875.727

6.169.016“.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að ekki sé krafist bóta vegna þeirra 6% af launum, sem stefndi hefði þurft að greiða í lífeyris-

sjóð vegna glataðra lífeyrissjóðsréttinda, ekki sé tekið tillit til almennra launahækkana eftir 1. mars 1977, en á móti komi, að ekki sé gert ráð fyrir hagræði af eingreiðslu og ekki dregið frá vegna tekna, sem stefnandi hefur haft á tímabilinu frá því að launagreiðslur féllu niður og þar til ráðningartíma hans hefði átt að vera lokið.

Stefnandi hefur lagt fram afrit af skattframtölum sínum frá árunum 1974—1978. Launatekjur hans árið 1973 eru samkvæmt framtali frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar 403.938 krónur, frá fjármálaráðuneytinu 416 krónur, eða samtals 404.354 krónur. Launatekjur 1974 eru 1.391.295 krónur frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar og 2.000 krónur frá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, samtals 1.393.295 krónur. Launatekjur 1976 eru 1.101.469 krónur frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar. Launatekjur 1977 eru engar, en hreinar tekjur af atvinnurekstri 418.007 krónur. Launatekjur 1977 eru frá fjármálaráðuneyti vegna tryggingaráðs 2.118 krónur, en hreinar tekjur af atvinnurekstri 3.333.984 krónur. Stefnandi kveðst hafa verið tekjulaus frá því að launagreiðslur féllu niður til hans frá stefnda á árinu 1975 til áramóta. Hann heldur því fram, að hann hafi aflað málflutningstekna sinna á árinu 1977 með að minnsta kosti tvöfalt lengri vinnutíma en hann hefði orðið að inna af hendi hjá stefnda. Hann telur, að taka verði tillit til þessa atriðis við ákvörðun bóta, ef svo fari, að dómurinn telji, að draga beri tekjur hans frá við útreikning bótanna. Hann kveðst hafa fengið lögmann til samstarfs við sig frá og með 1. febrúar sl. Hann segir laun hans til ágústloka komi til með að nema að minnsta kosti 2.800.000 krónum auk launaskatts, 3.5%, 98.000 króna, og lífeyrisgreiðslna, 168.000 króna, eða alls 3.066.000 krónum. Hann gerir ráð fyrir, að auknar tekjur af rekstri skrifstofunnar muni ekki nægja til að greiða þennan kostnaðarauka.

Stefnandi getur fallist á, að að hluta til sé tekið tillit til ákvæða 11. gr. reglna frá 2. febrúar 1971, en bendir þó á, að þau ákvæði eigi ekki allskostar við, þar sem ráðning hans hafi verið til ákveðins tíma, þótt fastráðning væri.

Kröfu um bætur fyrir miska og röskun á stöðu og högum rökstyður stefnandi með því, að í ályktun bæjarstjórnar hafi verið bornar á hann stórkostlega ærumeiðandi og refsiverðar sakir, ef sannar hefðu reynst. Hann telur þessar sakir frambornar af illfýsi í sinn garð. Hann heldur því fram, að fjölmiðlum hafi verið látnar í té upplýsingar um brottvikningu sína, áður en

honum var tilkynnt um hana, þannig að hann og fjölskylda hans hafi fyrst frétt um hana í útvarpi. Hann telur, að Morgunblaðinu og Dagblaðinu hafi verið gefnar villandi upplýsingar af hálfu stefnda um starfssvið sitt, meðal annars þannig, að því hafi verið haldið fram, að hann hefði átt að gæta hagsmuna uppboðspola. Hann heldur því fram, að brottvikningin og ummæli í samþykkt bæjarstjórnar hafi valdið sér og fjölskyldu sinni miklum andlegum þjáningum. Í sambandi við kröfu um bætur fyrir röskun á högum og stöðu bendir hann á, að hann hafi að mestu leyti orðið að lifa á lánum í um það bil ár eftir brottvikninguna, og vísar í skattframtöl sín í því sambandi. Hann kveðst hafa orðið að hætta afskiptum af stjórnmálum af þessum sökum og segist áður hafa tekið mikinn þátt í stjórn mála-starfsemi. Hann heldur því loks fram, að brottvikningin og sakar-áburðurinn hafi spillt fyrir sér í lögmannsstarfi.

Af stefnda hálfu er á það bent að því er varðar fjárkröfu stefnanda, að beiðni stefnanda um launalaust leyfi sé ekki tekin til greina við útreikninginn, ekki tekið tillit til þess, að greiðsla er krafist fyrir fram í eitt skipti fyrir allt tímabilið og ekki gerð grein fyrir öðrum tekjum stefnanda á tímabilinu.

Þá hefur verið á það bent af hálfu stefnda með tilvísun í 11. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðar-kaupstaðar, að stefnandi hafi verið ungur að árum, þegar honum var vikið úr starfi.

Stefnandi er fæddur 8. júní 1944. Þegar hann hóf störf hjá stefnda, hafði hann lokið tveggja vetra framhaldsnámi í hlutafélagarétti í Þýskalandi, Englandi og Danmörku. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 15. janúar 1974.

2.2.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðar-kaupstaðar frá 2. febrúar 1971 skal, þegar bætur eru metnar, hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og framkomnar málsbætur stöðuveitanda.

Við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir fjártjón virðist að meginstefnu bera að miða við þau laun, sem stefnandi átti rétt til frá því að launagreiðslur féllu niður til hans 30. nóvember 1975 til 31. ágúst 1978, en að frádregnu því, sem ætla má, að launatekjur hans og tekjur af málflutningi á nefndu tímabili hafi

numið, en jafnframt þykir bera að hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem greind eru í 11. gr. reglna frá 2. febrúar 1971.

Stefnandi hélt því fram við munnlegan málflutning 18. þ. m., að bæjarstjóri hefði veitt sér launalaust leyfi 7. nóvember 1975 og að hann hefði verið í launalausum leyfi frá 7. nóvember til 11. nóvember 1975. Af stefnda hálfu var þessari staðhæfingu og ályktun andmælt, en umboðsmenn aðilja kváðust hvorugur sjá ástæðu til að afla skýrslu bæjarstjóra um þetta atriði. Engin krafa hefur komið fram um endurgreiðslu launa fyrir tíma-bilið eftir 7. nóvember 1975. Virðist bera að byggja á því, að stefnanda hafi ekki verið veitt nefnt leyfi, en hvort sem svo hefur verið eða ekki, virðist ljóst, að stefnandi gat ekki verið í launalausum leyfi, eftir að honum hafði verið vikið úr starfi.

Þótt byggt væri á því, að stefnanda hefði verið veitt launalaust leyfi, virðist ekki koma til álita að láta hann sæta frádrætti bóta vegna þess, þegar af þeirri ástæðu, að beiðni hans byggðist á þeirri forsendu, að hann yrði ekki leystur frá störfum. Þeim mun síður kemur til álita að beita frádrætti vegna beiðni stefnanda einnar.

Þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum 1.000.000 króna með 13% ársvöxtum frá 26. mars 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Það hefur verið talið almenn regla íslensks réttar, að miskabætur yrðu ekki dæmdar án heimildar í settum lögum.

Í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga er kveðið svo á, að þann, sem að lögum eigi að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, megi dæma til að greiða þeim, sem misgert er við, fégjald fyrir þjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óþrýði svo og fyrir röskun á stöðu og högum.

Ef maður hefur reynst sekur um meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns, er aðeins heimilað að dæma hinn seka sjálfan til greiðslu fégjalds fyrir miska og þá aðeins, ef um er að ræða refsiverða meingerð eða meingerð drýgða af illfýsi.

Af hálfu stefnanda hefur verið vitnað til dóma Hæstaréttar í 33. bindi dómasafns, bls. 900, og 40. bindi, bls. 305, til stuðnings þeirri skoðun, að heimilt sé að dæma hið opinbera til greiðslu miskabóta vegna ólögmætrar uppsagnar.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi bera fébótaábyrgð á frávikningu stefnanda, en hins vegar er tjón hans ekki fólgið í tjóni á líkama eða frelsi.

Til álita kemur, að bæjarstjóri og bæjarfulltrúar kunni að hafa gerst sekir um refsiverða meingerð eða meingerð, drýgða af illfýsi, gegn æru stefnanda. Samkvæmt skýru ákvæði 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga kemur þá einungis til álita að dæma þá persónulega til að greiða stefnanda fégjald fyrir miska.

Nefndir hæstaréttardómar þykja ekki veita næga ástæðu til þeirrar ályktunar, að framangreind meginregla um, að miska-bætur verði ekki dæmdar án heimildar í settum lögum, sé niður fallin eða að til sé að dreifa undantekningarreglu frá henni, sem hér megi beita, sbr. HRD. 1972, 923, sem þó er ekki afdráttarlaus um þetta efni.

Ekki virðist fyrir að fara öðru lagaákvæði en 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga, sem veiti heimild til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda. Samkvæmt þessu verður að fallast á það með stefnda, að lagaheimild skorti til að fallast á kröfu stefnanda um fégjald fyrir miska, og bætur fyrir röskun á stöðu og högum koma þá ekki til álita, nema að því leyti sem slík röskun kann að hafa leitt til fjártjóns.

Það virðist vera á valdi stefnda, en ekki stefnanda, að ákveða, hvort gagnkröfur stefnda komi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, og þar sem lækkun stefnanda á stefnukröfum virðist bundin því skilyrði, að útsvarsskuld hans falli niður, þykja ekki vera efni til að taka tillit til hennar.

4.0.

Gagnaöflun í málinu hefur að mjög litlu leyti beinst að því að upplýsa þann þátt málsins, sem lýtur að kröfu stefnda um émerkingu og vítur. Þannig hefur ekki verið gerð grein fyrir, hvort rétt er, að bæjaryfirvöld hafi hlutast til um, að frétt um frávikningu stefnanda birtist í dagblöðum og útvarpi. Aðeins hefur verið lagt fram ljósrit af einni grein, sem sögð er hafa birst 12. nóvember 1978 í Morgunblaðinu, þar sem fram kemur, að bæjarritari hefur látið blaðinu í té ályktun bæjarstjórnar frá 11. nóvember, og er hún birt orðrétt í blaðinu. Verður ekki sagt, að þar sé um að ræða „upplognar ávirðingar“.

Stefnandi virðist þannig ekki hafa haft réttmæta ástæðu til ummælanna: „Jafnframt hlutuðust bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar til þess, sbr. dskj. nr. 9, að frétt um uppsögn mína ásamt upplognum ávirðingum birtist í öllum dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi . . .“ Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að

ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Þá þykir einnig bera að ómerkja orðið rógburður.

Þá hefur verið lagt fram ljósrit af blaðagrein, sem sögð er hafa birst í Dagblaðinu 11. nóvember 1975, þar sem haft er eftir bæjarstjóra, að stefnanda hafi borið að gæta hagsmuna uppboðsþola á uppboðinu. Verður samkvæmt framansögðu að fallast á, að þessi ummæli séu villandi.

Ekki þykja efni til viðurlaga vegna ummæla stefnanda, sem lúta að þeirri skoðun hans, að þessi ummæli séu ærumeiðandi, og þegar þess er gætt, að ummæli stefnda eru viðhöfð sem liður í röksemdafærslu í málflutningsskjali og að hann hefur höfðað meiðyrðamál gegn bæjarstjóra og bæjarfulltrúum vegna ummæla í ályktun bæjarstjórnar, þykja ekki efni til viðurlaga vegna ummæla stefnanda að öðru leyti.

5.0.

Eftir framangreindum málalokum þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, greiði fyrir hönd bæjarsjóðs Hafnarfjarðar stefnanda, Ingvari Björnssyni, 1.000.000 króna með 13% ársvöxtum frá 26. mars 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 200.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Framangreind ummæli í greinargerð stefnanda eru átalín og dæmd dauð og ómerk.